

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Stórhöfða
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	31.05.2018
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Henry Alexander Henrysson		
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Ólafur Dýrmundsson, Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir. Erna Bjarnadóttir og Katrín Andrésdóttir sátu fundinn í gegnum skype		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 31. maí 2018

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Hvað gæti fallið undir dýratilraun, s.s. einföld auðkennis merking, fóðurtilraunir ofl.
4. Verklagsreglur fagráðs
5. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Raðgreining að erfðamengi íslensku geitarinnar. Að loknum umræðum var ákveðið að kalla eftir frekari gögnum og staðfestingu á að ábyrgðarmaður sé með tilskilin leyfi til að mega stunda dýratilraunir. Fagráð telur álag á tilraunadýrin siðferðilega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar með þeim skilyrðum að umbeðin gögn berist Matvælastofnun.
 - b. Áhrif CO₂ og NH₃ á vöxt hrognkelsa. Að loknum umræðum var ákveðið að kalla þurfi eftir frekari gögnum og að skilgreining á mannúðlegum endapunkti liggi fyrir og sé innan ásættanlegra marka. Fagráð gaf jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar með þeim skilyrðum að umbeðin gögn berist Matvælastofnun.
 - c. Kortlegging á bleikju í hraunhellum við Mývatn. Eftir umræður voru fagráðsmenn sammála um að umsóknin er tæk til afgreiðslu svo framarlega sem að fyrir liggi staðfesting þess efnis að farið sé að ráðleggingum framleiðanda varðandi stærðarmörk á „Pit“-merkingum. Fagráð telur álag á tilraunadýrin siðferðilega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreining á „mannúðlegum endapunkti“ (humane endpoint) liggi fyrir og sé innan ásættanlegra marka. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar með þeim skilyrðum að slík staðfesting berist Matvælastofnun
 - d. Samanburður á aðferðum við mælingu á hámarkssúrefnisupptöku fiska. Fagráð telur álag á tilraunadýrin siðferðilega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Fagráð veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar með þeim skilyrðum að upplýsingar berist um 1) þéttleika, 2) magn súrefnis og að 3) „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verðir skilgreindur betur og sé innan ásættanlegra marka.
 - e. Aðlögunarhæfni „Stickleback“ fiska (fiskur af hornsílaætt) við breyttar umhverfisaðstæður. Í umræðum kom fram að kalla yrði eftir frekari upplýsingum/gögnum svo hægt væri að taka

umsóknina til efnislegrar umfjöllunar. Ákveðið að fresta afgreiðslu umsóknarinnar til næsta fundar.

3. Hvað getur fallið undir dýratilraun, s.s. einföld auðkennis merking, fóðurtilraunir ofl. Tekið var til umræðu hvar mörk liggja við túlkun e-liðar og f-liðar 5. mgr. 2. gr. rg. nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Í e-lið segir að ekki sé um dýratilraun að ræða er varða þegar um er að ræða „aðferðir sem snúa að einföldum auðkennismerkingum dýra“. Upplýst var um túlkun Noregs á þessu ákvæði. Eftir umræðu var ákveðið að taka mið af túlkun Noregs sem er að örmerking fiska og pitmerking flokkast sem leyfisskyld dýratilraun nema um sé að ræða eldisfisk í ræktun, þ.e. stofnfisk. Í f-lið segir að ekki sé um dýratilraun að ræða þegar „aðferðir sem ólíklegt er að valdi sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum“ eru notaðar. Í umræðum kom fram að fóðurtilraun sem felur í sér svæfingu sé leyfisskyld, samkvæmt þessu. Bent var á að vöntun væri á góðum leiðbeiningum fyrir umsækjendur um hvað sé leyfisskyld, slíkar leiðbeingar ætti að birta á heimasíðu MAST. Sambærilegt efni má finna á heimasíðu matvælastofnunar Noregs sem hægt væri að styðjast við.
4. Verklagsreglur fagráðs. Farið var yfir umræður síðasta fundar og voru ráðsmenn sammála um að setja þurfi reglur fyrir fagráð til að vinna eftir ásamt aukinni formfestu og fundarstjórn. Einnig er kallað eftir starfslýsingu fyrir starfsmann ráðsins. Drög að verklagsreglum hafa ekki verið útbúin og eru fundarmenn sammála um að ekki sé eðlilegt að fagráðsmenn sem eru í ólaunuðu starfi vinni slíkar reglur. Formaður tekur að sér að gera drög að reglum og kallar eftir innleggi um hvað fagráðsmenn telja að eigi að koma fram í slíkum reglum.
5. Önnur mál
Fram kom ósk um að fagráð taki upp á næsta fundi umræður um skjól fyrir skepnur sem ekki eru í húsi, t.d. fyrir lömb og lambær. Formaður kallar á að óskir um efni til umfjöllunar á fundum fagráðs skuli framvegis vera útfærðar nánar og rökstuddar, þannig að ljóst sé að efnið falli undir hlutverk fagráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur er áætlaður 29. ágúst 2018 .